

Kennsluáætlun 2021-2022

Byrjendalæsi í 1. bekk

Íslenska samþætt við lífsleikni, náttúru- og samfélagsfræði

Í Byrjendalæsi eru 14 kennslustundir á viku í 1. bekk. Kennari er Eva Ösp Örnólfsdóttir

Vinnulag

Í vetur verður unnið að því að nemendur geti dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, einnig að þeir geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Lögð verður áhersla á að nemendur lesi og hlusti á ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum, einnig að þeir geti valið sér bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. Nemendum verður gerð grein fyrir mikilvægi þess að læra íslenska málfræði.

Unnið verður að því að nemendur geti sett sig í spor annarra jafnaldra, tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi og geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. Nemendur eiga að geta átt í góðum samskiptum við aðra, hlustað af athygli og sýnt kurteisi.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: stafainnlögn, lestur og mannlíkaminn. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: stafainnlögn, lestur, land og þjóð.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Upplestur frá kennara. Upplestur jafnaldra. Leikrit. Fræðimyndir. Teiknimyndir.	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum. • komið fram við aðra af virðingu og kurteisi. • unnið vel og farið eftir fyrirmælum. • hlustað með athygli og sýnt virðingu, tillitsemi og kurteisi við hlustun. • horft með athygli á atriði flutt af gestum og samnemendum. • lesið í umhverfi sitt. • sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp • endursagt upplesinn texta 	Símat. Leiðsagnarmat. Árshátíð. Uppskeruátíð.
Lestur og bókmenntir	Lestrarbækur. Bækur og blöð af bókasafni. Tímarit. Ýmsir textar frá kennara.	Nemandi getur... <ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér jákvætt viðhorf til lestrar • þekkt stafi og hljóð íslenska stafrófsins. • lesið léttan texta. • þekkt ólíkar textagerðir s.s. fræðitexta, ljóð, sögur og ævintýri. • beitt auknum orðaforða. 	Læsi skimunarpróf. Lesferill. Símat Leiðsagnarmat.
Ritun	Lestrarlandið 1+ Lestrarlandið 2+ Skrift 1 og 2 Ýmis verkefni frá kennara og af veraldarvefnum.	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • dregið rétt til stafs og haldið rétt á skriffæri. • gert sér grein fyrir uppbyggingu sögu og nýtt sér þá þekkingu við verkefnavinnu. • náð tókum á orðabili. • skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti. 	Kennari athugar hvort nemendur hafi náð heiti, hljóði og stafadrætti á stöfum sem unnið er með hverju sinni. Símat. Leiðsagnarmat.

Málfræði	Ritrún Smáforrit (Ipad) Ýmis verkefni frá kennara.	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • þekkt muninn á stórum og litlum staf. • þekki hugtakið orð. • leikið sér með orð. • áttað sig á uppbyggingu málsins s.s. bókstafur, orð og málsgrein. • þekki greinarmerkin punkt, kommu og spurningarmerki. • gert sér grein fyrir því að mannanöfn byrja á stórum staf. • tileinkað sér fjölbreyttan orðaforða. 	Læsi, skimunarpróf. Símat. Leiðsagnarmat.
Lífsleikni		Nemandi getur... <ul style="list-style-type: none"> • unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum. • komið fram við aðra af virðingu og kurteisi. • unnið vel og farið eftir fyrirmælum. • tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefnið sitt. • tjáð sig fyrir framan hóp. • þekkt ólíkar tilfinningar 	Bekkjarreglur eru gerðar í samvinnu nemenda og kennara, þær eru undirritaðar af nemendum, kennara og stuðningsfulltrúa. Símat. Leiðsagnarmat. Árshátíð. Uppskeruhátíð.
Náttúrufræði	Komdu og skoðuðu líkamann Verkefni frá kennara. Ýmis verkefni af veraldavefnum.	Nemandi getur... <ul style="list-style-type: none"> • auki orðaforða sinn sem tengjast mannlíkamanum • útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans • útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns • þekkir einkastaði líkamans 	Símat. Leiðsagnarmat.

Samfélagsfræði	Komdu og skoðuðu land og þjóð Kuggur á Þorablóti – kennsluáætlun. Íslandsbók barnanna Ýmsar barnabækur Efni af veraldarvefnum.	Nemandi getur... <ul style="list-style-type: none"> • auki orðaforða sem tengjast landi og þjóð • Þekkt helstu einkenni lands og þjóðar • Gert grein fyrir umhverfi íslendinga fyrir og nú • Sagt frá lifnaðarháttum og atvinnuvegum á Íslandi áður fyrir 	Símat. Leiðsagnarmat.
Trúarbragðafræði	Ýmsar barnabækur. Efni af veraldarvefnum.	Nemandi getur... <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum. • áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölskyldugerðar í samfélagi manna. • áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu. 	Símat. Leiðsagnarmat.

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir [Námsmat](#). Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Eva Ösp Örnólfsdóttir